

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**frá 13. febrúar 1992****um breytingu á viðaukum B og C við tilskipun ráðsins 90/426/EBE****(92/130/EBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/426/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á flutninga og innflutning hófdýra frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum 23. gr.,*1. gr.*

Í stað viðauka B og C við tilskipun 90/426/EBE komi viðaukinn við þessa ákvörðun með gildistöku frá 1. mars 1992.

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:**2. gr.*

Reynslan hefur sýnt að í nokkrum tilvikum þarf að breyta orðalagi í vottorðum sem koma fram í viðauka við tilskipun 90/426/EBE svo að unnt sé að veita ábyrgð í tengslum við ákveðna sjúkdóma.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. febrúar 1992.

Til að komast hjá misskilningi ber að umorða ákvæði viðauka B og C við umrædda tilskipun.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 42.

VIDAUKI

„VIDAUKI B

UPPLÝSINGAR UM HEILBRIGÐISÁSTAND^(a)

Vegabréf nr.

Ég, undirritaður, staðfesti ^(b) að hófdýrið sem að framan getur uppfyllir eftirfarandi kröfur:

- a) það hefur í dag verið skoðað og sýnir engin klínísk sjúkdómseinkenni;
- b) því á ekki að slátra samkvæmt innlendra áætlun um útrýmingu smitsjúkdóma eða sýkinga;
- c) — það kemur ekki frá yfirráðasvæði eða hluta yfirráðasvæðis í aðildarríki/þriðja landi þar sem höft eru í gildi vegna Afríkuhrossapestar, eða
það kemur frá yfirráðasvæði eða hluta yfirráðasvæðis í aðildarríki þar sem bann var í gildi af dýraheilbrigðisástandum og hefur gengist undir prófin sem kveðið er á um í 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 90/426/EBE í sóttkvínni á milli hins og hins ^(c) með fullnægjandi árangri;
— það er ekki bólusettt gegn Afríkuhrossapest eða það var bólusettt gegn Afríkuhrossapest hinn ^(c) ^(d);
- d) það kemur ekki frá bújörð þar sem bann var í gildi af dýraheilbrigðisástandum, né heldur hefur það komist í snertingu við hófdýr frá bújörð þar sem bann var í gildi af dýraheilbrigðisástandum:
 - þegar um hófdýr, sem grunur leikur á um að hafi fengið dúrín, er að ræða, í sex mánuði, frá þeim degi að telja er þau komu síðast í snertingu við eða hugsanlegt er að þau hafi komist í snertingu við sýkt dýr. Ef um stóðhest er að ræða skal bannið gilda þar til dýrið hefur verið gelt,
 - þegar um sníf eða heila- og mænubólgu í hrossum er að ræða, í sex mánuði, frá þeim degi að telja er dýrunum sem þjást af umræddum sjúkdómi er slátrað,
 - þegar um smitandi blóðleysi er að ræða, í nógu langan tíma til að eftirlifandi dýr sýni, eftir þann dag sem smituðum dýrum var slátrað, neikvæða svörun við tveimur Coggins-prófum sem fram fara með þriggja mánaða millibili,
 - þegar um munnblöðrubólgu (vesicular stomatitis) er að ræða, í sex mánuði,
 - þegar um hundaæði er að ræða, í einn mánuð frá síðasta tilfelli,
 - þegar um miltisbrand er að ræða, í fimmtán daga frá síðasta tilfelli,
 - þegar öllum dýrum af smitnæmum tegundum hefur verið slátrað og hús og athafnasvæði verið sótthreinsuð, í þrjátíu daga, frá þeim degi að telja þegar dýrunum var slátrað og hús og athafnasvæði sótthreinsuð, nema þegar um miltisbrand er að ræða þá skal bannið gilda í fimmtán daga;
- e) að samkvæmt minni bestu vitund hefur það ekki komist í snertingu við hófdýr sem eru sýkt eða haldin smitsjúkdómi síðustu fimmtán daga fyrir þessa yfirlýsingu.

Dagsetning	Staður	Stimpill og undirskrift opinbers dýralæknis ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Nafn með hástöfum og staða.

(a) Þessara upplýsinga er ekki krafist þar sem tvíhliða samningur er í gildi samkvæmt 6. gr. tilskipunar 90/426/EBE.

(b) Gildir í 10 daga.

(c) Strikið út það sem á ekki við.

(d) Tilgreina skal bólusetningardag í vegabréfinu.

VIDAUKI C

FYRIRMYND

HEILBRIGÐISVOTTORÐ

vegna viðskipta milli aðildarríkja EBE

HÓFDÝR

Nr.:

Sendingaraðildarríki:

Ábyrgt ráðuneyti:

Deild:

I. Fjöldi hófdýra:

II. Auðkenni hófdýranna:

Fjöldi hófdýra ⁽¹⁾	Tegund hestur, asni, múldýr múlásni	Kynstofn Aldur Kyn	Auðkenningaraðferð og auðkenning ⁽²⁾

⁽¹⁾ Þegar um sláturdýr er að ræða, tegund sérmerkis.⁽²⁾ Auðkennisskjal hófdýrsins má fylgja þessu vottorði, að því tilskildu að númer dýrsins sé tilgreint.

III. Uppruni og viðtökustaður dýrs/dýra:

Dýrið er sent/dýrin eru send

frá:
(útflutningsstaður)tíl:
(viðtökuaðildarríki og -staður)

Nafn og heimilisfang sendanda:

.....

Nafn og heimilisfang viðtakanda:

.....

IV. Upplýsingar um heilbrigðisástand ^(a)

Ég, undirritaður, staðfesti að dýrið/dýrin sem að framan getur uppfyllir/uppfylla eftirfarandi kröfur:


1. Það hefur/þau hafa í dag verið skoðuð og sýnir/sýna engin klínísk sjúkdómseinkenni;
2. Því/þeim á ekki að slátra samkvæmt innlendra áætlun um útrýmingu smitsjúkdóma eða sýkinga;

^(a) Þessara upplýsinga er ekki krafist þar sem tvíhliða samningur er í gildi samkvæmt 6. gr. tilskipunar 90/426/EBE.

- 3) — það kemur/þau koma ekki frá yfirráðasvæði eða hluta yfirráðasvæðis í aðildarríki/þriðja landi þar sem höft eru í gildi vegna Afríkuhrossapestar,
eða
það kemur/þau koma frá yfirráðasvæði eða hluta yfirráðasvæðis í aðildarríki þar sem höft voru í gildi vegna Afríkuhrossapestar og hefur/hafa gengist undir prófin sem kveðið er á um í 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 90/426/EBE í sóttkvínni á milli hins og hins
(^b) með fullnægjandi árangri;
- það var/þau voru bólusettt gegn Afríkuhrossapest hinn(^b);
4. það kemur/þau koma ekki frá bújörð þar sem bann var í gildi af dýraheilbrigðisástæðum, né heldur hefur það/þau komist í snertingu við hófdýr frá bújörð þar sem bann var í gildi af dýraheilbrigðisástæðum:
- þegar um hófdýr, sem grunur leikur á um að hafi fengið dúrín, er að ræða, í sex mánuði, frá þeim degi að telja er þau komu síðast í snertingu við eða hugsanlegt er að þau hafi komist í snertingu við sýkt dýr. Ef um stóðhest er að ræða skal bannið gilda þar til dýrið hefur verið gelt,
- þegar um sníf eða heila- og mænubólgu í hrossum er að ræða, í sex mánuði, frá þeim degi að telja er dýrunum sem þjást af umræddum sjúkdómi er slátrað,
- þegar um smitandi blóðleysi er að ræða, í nógu langan tíma til að eftirlifandi dýr sýni, eftir þann dag sem smituðum dýrum var slátrað, neikvæða svörun við tveimur Coggins-prófum sem fram fara með þriggja mánaða millibili,
- þegar um munnblöðrubólgu (vesicular stomatitis) er að ræða, í sex mánuði,
- þegar um hundaeði er að ræða, í einn mánuð frá síðasta tilfelli,
- þegar um miltisbrand er að ræða, í fimmtán daga frá síðasta tilfelli,
- þegar öllum dýrum af smitnæmum tegundum hefur verið slátrað og hús og athafnasvæði verið sóthreinsuð, í þrjátíu daga, frá þeim degi að telja þegar dýrunum var slátrað og hús og athafnasvæði sóthreinsuð, nema þegar um miltisbrand er að ræða þá skal bannið gilda í fimmtán daga;
5. að samkvæmt minni bestu vitund hefur það/hafa þau ekki komist í snertingu við hófdýr sem eru sýkt eða haldin smitsjúkdómi síðustu fimmtán daga fyrir þessa yfirlýsingu.

V. Þetta vottorð gildir í tíu daga.

Gjört í, hinn



.....
(undirritun)
(nafn og staða dýralæknis með hástöfum) (c)

(^b) Strikið út það sem á ekki við.

(^c) Í Þýskalandi: „Beamteter Tierarzt“; í Belgíu: „Inspecteur vétérinaire“ eða „Inspecteur Dierenarts“; í Frakklandi: „Vétérinaire officiel“; á Ítalíu: „Veterinario ufficiale“; í Lúxemborg: „Inspecteur vétérinaire“; í Hollandi: „Officieel Dierenarts“; í Danmörku: „Embedsdyrlæge“; á Írlandi: „Veterinary Inspector“; í Breska Konungsríkinu: „Veterinary Inspector“; í Grikklandi: „Επίσημος κτηνίατρος“; á Spáni: „Inspector Veterinario“; og í Portúgal: „Inspector Veterinário“.